

Umhverfis- og skipulagsráð
Bt. Gunnar K. Ottósson
Grænásbraut 910
262 Reykjanesbær

Reykjanesbæ 29.09.2025

Efni: Brekadalur 63. Ósk um frávik frá deiliskipulagi.

Magnús Kristófersson lóðarhafi að Brekadal 63 í Reykjanesbæ hefur lagt inn umsókn um byggingarleyfi og þar með arkitektteikningar af fyrirhuguðu íbúðarhúsi á lóðinni. Erindinu var frestað og bent á sækja þarf formlega um breytingar frá samþykktu lóðarblaði (og þar með væntanlega frá gildandi deiliskipulagi)

Hér með óskar undirritaður f.h. Magnúsar Kristóferssonar eftir því að eftirtaldar breytingar frá deiliskipulagi og lóðarblaði verði heimilaðar á lóðinni Brekadalur 63:

1. Breyting á gólfkóta hússins. Gólfkóti húss er skv. lóðarblaði 35.90 en óskað er eftir heimild til að gólfkóti verði 36.20.
2. Óskað er eftir að nýtingarhlutfall verði aukið úr 0,14 í 0,16. Hámarksstærð samkvæmt deiliskipulagi er 220 m en óskað er eftir að heimilt verði að byggja 253 m² eins og innlagðar teikningar sýna.
3. Óskað er eftir heimild til að stækka byggingarreit um 1 m til vesturs. Byggingarreitur mun þá fara úr 10 m breidd í 11 m breidd.

f.h. lóðarhafa Brekadals 63

Sveinn Valdimarsson
Byggingarverkfræðingur